



Stjórnarfundur 19. febrúar 2014

Fundargerð

12 stjórnarfundur aðalstjórnar Aftureldingar var haldinn miðvikudaginn 19. feb. 2014 á skrifstofu félagsins að Varmá kl. 18:10.

Mætt:

Eymundur Sigurðsson (ES), eymundur@vji.is	Ritari
Gudjon Helgason (GH) gudjonhelgason@gmail.com	Formaður
Hekla Klemenzdóttir (HK) hekla@gitarinn.is	Gjaldkeri
Indriði Jósafatsson (IJ) umfa@afturelding.is	Framkvæmdastjóri

Einnig sátu þau Sigurjón Einarsson bókari og Vilborg Jónsdóttir bókari félagsins fundinn meðan liður 1 og 2 voru ræddir.

Geirharður Long, Auður Gunnarsóttir og Gylfi Gíslason boðuðu forföll.

Guðjón formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Ársreikningar 2013.

Vilborg og Sigurjón kynntu fyrstu drög að ársreikningum 2013.

2. Launamál.

Rætt um að nýta launakerfið betur gagnvart „launaverktökum“. Það mun einfalda alla bíkhaldsvinnu, spara tíma og draga úr mistökum.

Farið í gegnum bækling RSK um skattskyldu íþróttafélaga. Sigurjón benti á að skilgreina þurfi skv. bæklingnum (kafla IV) hverjir geta fengið verktakagreiðslur og hverja skulu skilgreina sem launamenn. HK tók undir þetta og benti líka á kafla V um hvað væru laun eða hlunnindi í skilning RSK.

Stjórnin sammála um að það þurfi að fara ítarlega í gegnum launamál félagsins og reyna að nota árið 2014 til að móta reglur í þessum málum sem taka mið af nýjum leiðbeiningum RSK.

Stjórnin skipar HK sem leiðtoga í vinnuhópi sem fer í gegnum þessi mál, mótar reglur Aftureldingar í þessum málum og kemur með fyrstu tillögur til stjórnar fyrir mánaðarmótinn febrúar/mars.

3. Mannvirkjamál.

Tveir fundir hafa verið haldnir nú þegar og reiknað er með að haldnir verði tveir fundir í viðbót áður en hægt verði að senda tillögur til sveitarfélagsins.

4. Búninganefnd.

Búið er að halda tvo fundi í nefndinni. IJ ánægður með starfið hingað til. Búið að lista upp kosti og galla núgildandi samninga og hvað megi hugsanlega bæta.

5. Verkefnastjóri.

Rætt um ráðningarferli. Stent að því að fá inn starfsmann í stað Konráðs sem fyrst.

6. Önnur mál.

- Farið í gegnum gamla reikninga. Þessa reikninga þarf að fara í gegnum og loka enda ekki verið að nota þá.
- Rætt um gamlar skuldir deilda við aðalstjórn.
- Ákveðið að aðalfundur félagsins verði haldinn 27. mars næstkomandi.

Fundi slitið 21:15

Eymundur Sigurðsson
(sign.)